



Fundargerð

252. fundur stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 27. maí 2021 kl. 17:30 í fundarsal Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 230 Reykjanesbæ.

Viðstödd: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Hanna Björg Konráðsdóttir varaformaður, Kristján Jóhannsson aðalmaður, Sigurður Guðjónsson aðalmaður, Úlfar Guðmundsson aðalmaður og Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri.

DAGSKRÁ

1. Fjármál Reykjaneshafnar. (2021010430)

Hafnarstjóri fór yfir ýmis mál er snerta fjármál Reykjaneshafnar.

2. Hafnarmannvirki Reykjaneshafnar. (2020030194)

Hafnarstjóri fór yfir ýmis mál er snerta hafnarmannvirki Reykjaneshafnar og uppbyggingu þeirra. M.a. kom fram að fyrirhugum viðgerðum á skjólgarði við smábátahöfnina í Gróf hefur verið frestað fram í september.

3. Hafnasamband Íslands. (2021010431)

Fundargerð 434. fundar Hafnasambands Íslands frá 30.04.21. **Lögð fram til kynningar.**

4. Hafnafundur 2021. (2021010433)

Tölvupóstur frá Hafnasambandi Íslands dags. 03.05.21 þar sem tilkynnt er um frestun á Hafnafundi 2021 sem átti að vera haldinn 20. maí 2021 til 3. september n.k. **Lagt fram til kynningar.**

5. Suðurnesjabær. (2020090376)

Með bréfi dags. 28.08.2020 óskaði Suðurnesjabær eftir viðræðum milli Sandgerðishafnar, Grindavíkurhafnar og Reykjaneshafnar um hugsanlega möguleika og tækifæri til framtíðar í samstarfi þessara hafna með það markmið að styrkja rekstur þeirra. Stjórn Reykjaneshafnar samþykkti á 244. fundi sínum að taka þátt í að skoða þá möguleika sem falist geta í samstarfi viðkomandi hafna með hagræðingu að leiðarljósi. Í framhaldinu hóf vinnuhópur skipaður fulltrúum hafnanna að skoða hvort rekstrarhagræðing náist fram við aukna samvinnu eða sameiningu viðkomandi hafna. Í minnisblaði vinnuhópsins frá 19. maí s.l. sem liggur frami á fundinum kemur fram að slík rekstrarhagræðing sé ekki sjáanleg og því ekki grunnur að nánari samstarfi eða sameiningu út frá þeirri forsendu. Í minnisblaðinu er því beint til kjörinna fulltrúa í hafnar- og bæjarstjórnnum sveitarfélaganna að þeir taki afstöðu til þess hvort auka eigi samvinnu eða sameiningu hafnanna á öðrum forsendum en rekstrarlegum. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar fagnar þeirri vinnu sem unnin hefur verið varðandi möguleika á samstarfi eða sameiningu hafnanna á Suðurnesjum og þakkar vinnuhópnum fyrir góð vinnubrögð. Stjórnin er ávallt tilbúin til að leita hagræðingar í rekstri Reykjaneshafnar sem og að efla rekstur hafnarinnar á allan hátt. Í því hefur falist m.a. að eiga samtöl við aðrar hafnir á Suðurnesjum um sameiginlega hagsmuni og möguleika á samstarfi. Slík samtöl hafa gefist vel hingað til og gera það vonandi*

áfram. Samkvæmt minnisblaði vinnuhópsins er ekki sjáanleg rekstrarhagkvæmni í að sameina rekstur viðkomandi hafna en slíkt hlýtur að vera stór forsenda fyrir slíkri framkvæmd. Stjórn Reykjaneshafnar telur því að óbreytt fyrirkomulag í rekstri Reykjaneshafnar sé heillavænlegast að svo stöddu en ekkert hamlar því að það fyrirkomulag verði endurskoðað í framtíðinni. **Samþykkt samhljóða.**

6. SAR – Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi. (2021050420)

Yfirlit yfir starfsemi Samtaka atvinnurekenda á Reykjanesi frá stofnun 27. maí 2010 til dagsins í dag. **Lagt fram til kynningar.**

7. Upplýsingagjöf hafnarstjóra. (2021010434)

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varðar starfsemi hafnarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10